



SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

Association of Icelandic Insurance Companies

S/103

Alþingi

Erindi nr. P 127/2172

komudagur 17. 5. 2002

Alþingi,
umhverfisnefnd,
nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík
Sími/Tel.: +354-568 1612
Bréfsími/Fax: +354-568 9664

16. maí 2002

Efni: Um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs, 651. mál.

Með bréfi umhverfisnefndar Alþingis, dags. 29. apríl sl., var óskað umsagnar Sambands íslenskra tryggingafélaga um ofangreint þingmál. Í frumvarpi þessu eru gerðar stórum strangari kröfur varðandi starfsskilyrði og starfsheimildir móttökustöðva úrgangs og urðunarstöðva úrgangs en tíðkast hefur en, um þessi atriði gilda nú lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Eftirfarandi atriðum skal hreyft varðandi frumvarp þetta:


1. Yfirskrift 15. gr. frumvarpsins er **starfsleyfistrygging**. Í ákvæði þessu er gert að skilyrði starfsleyfis fyrir urðunarstað, að rekstraraðili hafi lagt fram fjárhagslega tryggingu fyrir því að staðið verði við starfsskyldur, þ.m.t. lokunar- og eftirlitsaðgerðir i kjölfar þess, að urðunarstað hefur verið lokað. Skuli starfsleyfistrygging þessi gilda i 30 ár eftir lokun urðunarstaðar. Þessi fjárhagslega trygging sýnist „tæknilega“ geta verið i formi bankaábyrgðar eða váttryggingar (efndaváttryggingar). Hvorugt er þó tæpast raunhæfur kostur, m.a. vegna hins óvissa en þó ætíð langa ábyrgðartíma, þ.e. að ábyrgðin verður að vera við lýði á starfstímanum öllum, hvort sem hann er lengri eða skemmri, og í full 30 ár eftir að starfsemi hefur verið hætt. Ástæða er til að áréttta þetta atriðið sérstaklega í umsögn þessari.

Í athugasemdum frumvarpsins um ákvæði þetta er vandinn við þessa starfsleyfistryggingu rakinn nokkuð. Kemur þar m.a. fram, að af þessum sökum komi til álita, að rekstraraðilinn gefist kostur á að safna í e.k. tryggingasjóð á rekstrartímanum, og sé um sveitarfélag að ræða, að því gefist kostur á því að gefa út ábyrgðaryfirlýsingu vegna þessa. Ráð er fyrir því gert, sbr. f.-lið 13. gr. frumvarpsins, að um starfsleyfistrygginguna verði fyllri ákvæði sett í reglugerð. Er brýnt, að í þeirri reglugerð verði ofangreind staða höfð í huga, og rekstraraðilum ekki íþyngt úr hófi vegna þessa.

2. Yfirskrift 12. gr. er **ábyrgð vegna flutnings úrgangs**. Að nota orðið **ábyrgð** í því sambandi, sem gert er hér, getur verið villandi, og gefið til kynna að átt sé við skaðabótaábyrgð eða aðrar skyldur og kvaðir. Það er þó ekki ætlunin, heldur mun hér átt við **tryggingu**, sem eftir atvikum getur verið í formi bankaábyrgðar, vátryggingar eða annarrar tryggingar, sem metin yrði fullnægjandi. Í athugasemdum með 12. gr. er raunar réttilega notað orðið trygging í þessu sambandi. Er lagt til, að yfirskrift 12. gr. verði breytt í „**trygging vegna flutnings úrgangs**“.

Jafnframt er lögð til breyting á k.-lið 13. gr. frumvarpsins, og að í stað „þ.m.t. ábyrgð skv. 12. gr.“ komi „þ.m.t. **tryggingu** skv. 12. gr.“.

Með vinsemd og virðingu,
SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA



Sigmar Arnmannsson